

Fjölbautaskólinn í Breiðholti (FB) kt. 590182-1099 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FB uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjáreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.


2. Hlutverk og megináherslur

Fjölbautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FB þjóna því.

Stefnuskrá FB var samþykkt í maí 2010 og var síðast uppfærð í janúar 2013. Stefnskráin er í endurskoðun, en fyrirhugað er að ný skólanámskrá, bæði almennur hluti og námsbrautarlýsingar verði tilbúin í janúar 2014. Stefnskráin er birt á heimasíðu skólans: <http://www.fb.is/skolinn/stefnuskra/>

Grunngildi skólans eru: Fjölbreytni – Virðing – Sköpunarkraftur - Framsækni - Fagmennska. Hlutverk hans er að bjóða nám á verk-, list- og bóknámsbrautum framhaldsskóla og búa nemendur undir áframhaldandi nám, störf á vinnumarkaði og virka þáttöku í nútímaþjóðfélagi sem víðsýnir, ábyrgir og sjálfstæðir einstaklingar. Framtíðarsýn FB er sú að námið mæti þörfum hvers og eins og sé í takti við kröfur atvinnulifs og viðtökuskóla, að félagslíf skólans sé skemmtilegt og þroskandi, að vinnuumhverfi og aðstæður í skólanum séu til fyrirmynadar og skólabragur einkennist af velvild og virðingu með áherslu á heilsusamlegt líferni og umhverfisvernd.

Skipurit Fjölbautaskólans í Breiðholti



3. Viðfangsefni

FB stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum, www.fb.is, sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólan:

<http://www.fb.is/wp-content/uploads/2011/01/skolanamskra-FB-Vor2013.pdf> og námsframboð skólans er birt á heimasíðunni, <http://www.fb.is/namid/namsbrautir/>

Á bóknámssviði eru félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut, málabraut, viðskipta- og hagfræðibraut og tölvubraut. Á verknámssviði eru húsasmíðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut og snyrtibraut. Á listnámssviði eru myndlistarbraut og fata-

textílbraut og á stuðningssviði eru framhaldsskólabraut, innflytjendabraut og starfsbraut. Á heimasíðu eru einnig áfangalýsingar: <http://www.fb.is/afangalysingar/>

b. Skólabragur

Í skólanámskrá eru birtar ýmsar reglur og áætlanir varðandi skólastarfið og er vísað til þeirra hér á eftir:

Umgengnisreglur: <http://www.fb.is/namid/skolareglur/>

Reglur um skólasókn: <http://www.fb.is/namid/skolasoknarreglur/>

Reglur um próf og próftöku:

<http://www.fb.is/namid/skolareglur/regrum-um-prof-og-proftoku/>

Jafnréttisstefna:

<http://www.fb.is/wp-content/uploads/2012/03/jafnrettisaetlun-mars-2012.pdf>

Forvarnastefna: <http://www.fb.is/tjonusta/forvarnir/>

Umhverfis- og heilsustefna: <http://www.fb.is/tjonusta/umhverfis-og-heilsustefna/> og einnig: <http://www.fb.is/tjonusta/heilsa-og-forvarnir/> Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem hófst á forvarnadaginn 25. september 2012.

Viðbragðsáætlun: <http://www.fb.is/wp-content/uploads/2010/12/fbvidbragd.pdf>

Áætlun um áfallaráð er á innri vef skólans og áætlun gegn einelti er í vinnslu.

Skólaufundir eru haldnir tvívar á hverju skólaári með þátttöku allra nemenda.

Fundargerðir skólaufunda eru á heimasíðu: <http://www.fb.is/skolinn/skolafundir/>

Foreldraráð starfar við skólann, sjá: <http://www.fb.is/tjonusta/foreldrarad-fb/>

Skolanefnd: <http://www.fb.is/skolinn/skolaneftnd/>

c. Innritun og brotthvarf

Inntökuskilyrði í FB má finna hér:

<http://www.fb.is/wp-content/uploads/2013/01/InntokuskilyrdiFB.pdf>

Auk nýnema tekur skólinn á hverri önn á móti mörgum eldri nemendum sem ýmist hafa hætt námi í öðrum skólum, eða eru að koma í skóla á ný. Þannig er nemendahópur FB mjög fjölbreyttur og hlutfall eldri nemenda fremur hátt.

Brotthvarf er mikið áhyggjuefni í skólanum. Það er af ýmsum orsökum. T.d. hættir hluti nýnema um áramót til að hefja nám í öðrum skólum sem þeir komust ekki í að hausti. Aðrir hætta vegna ónógrar ástundunar sem á sér margvíslegar skýringar. Loks hættir alltaf nokkur hópur af fjárhagslegum ástæðum, hefur ekki efni á því að stunda skólanám. Síðasta þróun í því efni eru nemendur sem sögðu sig úr skóla til að hefja tóku atvinnuleysisbóta.

Skráning á brotthvarfi tekur mið af hlutfalli nemenda sem tekur próf. Brotthvarf er mun meira í kvöldskóla, eða 20% á meðan það er um 12% í dagskóla (sjá mynd).

	Nemendaígildi 2012			
	Skráð	Í próf	Hlutf	Brottfall
Dagskóli	1227	1084	88%	12%
Kvöldskóli 2/3	149	120	80%	20%
Samtals	1376	1204	87%	13%

d. Kennslufyrirkomulag

Kennslufræðileg stefna FB byggir á því að í skólanum er lögð jöfn áhersla á bóknám, listnám og verknám. Í skólanum er lögð áhersla á að nýta til fulls kosti áfangakerfisins og fjölbreytt námsframboð til þess að nemendur geti fundið sér nám við hæfi og nýjar námsleiðir þróast. Áfangakerfið og fjölbreytni náms í skólanum eykur ábyrgð nemenda á eigin námi og námsvali, ábyrgðin þroskar þá og gerir þá um leið hæfari til þátttöku í samfélagit.

Það liggar í eðli skólans að fjölbreytni í kennsluaðferðum er mikil, sveigjanleiki í námi og námsframboði sömuleiðis. Mjög öflugt stuðningskerfi við nemendur er í skólanum og það er hluti af kennslufræðilegri hugmyndafræði skólans sem ítrekar með því að skólinn sé tækifæri fyrir alla. Í skólanum er kappkostað að nýta tölvur, upplýsingatækni og aðra nýjustu tækni til hins ítrasta við að undirbúa nemendur sem best undir framtíð sína í atvinnulífinu jafnt og í framhaldsnámi. Kennrar nota þannig flestir dreifnámsvef skólans (moodle) til samskipta við nemendur um námsefni og verkefnaskil, sjá: <http://fb.dreifnam.is/>

e. Nemendur með sérþarfir

Á kennslusviði námsstuðnings eru framhaldsskólabraut (<http://www.fb.is/almenn-namsbraut-framhaldsskolaprof/>) fyrir nemendur með slakan námsundirbúning úr grunnskóla og starfsbraut (<http://starfsbraut.is/>) fyrir nemendur með sérþarfir. Nemendur með annað móðurmál en íslensku innritast á innflytjendabraut (<http://www.fb.is/namid/namsbrautir/innflytjendabraut/>), sem er þriðja námsbrautin á stuðningssviði. Á námsbrautum á stuðningssviði gefst nemendum kostur á að stunda jafnframt nám á verk-, list- eða bóknámsbrautum eftir því sem námsundirbúningur þeirra leyfir.

Í skólanum er starfrækt námsver, þar sem leitast er við að styðja nemendur í námi sínu. Þar er einnig hjálp fyrir þá sem eiga við námsörðugleika að etja, þeim er kennd námstækni og veitt ýmiss konar tæknileg aðstoð, s.s. aðgangur að hljóðgerfli.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Við skólann er starfandi gæðaráð sem gerir áætlun um innra mat. Fyrirhugað er einnig að þroa sjálfsmatskerfi fyrir skólann. Hægt er að lesa um sjálfsmat og ná í sjálfsmatsskýrslur á slóðinni : <http://www.fb.is/skolinna/sjalfsmat/>

Vorið 2011 var gerð úttekt á starfsemi skólans: <http://www.fb.is/2011/08/18/uttekt-a-starfi-folbrautaskolans-i-brei%C3%B0oholti/>

M 4 GAB

4. Sérstök rekstrarverkefni

FB hefur um árabil rekið *Kvöldskóla FB* með öflugu framboði verkgreina og þannig gefið fjölda fullorðinna einstaklinga kost á að ljúka réttindanámi meðfram starfi.

Sumarskóli FB hefur verið starfræktur frá árinu 1991. Árið 2000 var reksturinn færður undir sjálfseignarstofnunina Fjölval, en sumarið 2012 var reksturinn felldur undir starfsemi skólans á ný, á grundvelli heimildar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, byggðri á ákvæði 45. gr. framhaldsskólalaga um að framhaldsskólum sé heimilt að bjóða nám að sumri og að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði vegna kennslunnar. Í tengslum við þessa starfsemi gerði skólinn sérstakan samning við KÍ um launagreiðslur til kennara.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár eru sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið FB eru leidd af áherslum í starfsemi skólans sem lýst er í stefnuskrá hans. Sjá viðauka.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FB styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárvíkurs, skal ganga frá sliku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst. Sjá viðauka.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglugerðar um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur Fjölbautaskólans í Breiðholti. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefnni vegna samskipta:

a. Fjölbautaskólinn í Breiðholti

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.

W 5 *ath*

- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinargerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkta áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Réttarsíða 22/3 2013

Staður og dagsetning



Kárin Þórhalla

Mennta- og menningarmálaráðherra



Guðrún Ólafsdóttir Guðmundsdóttir

Skólameistari FB

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbautaskólans í Breiðholti

a. Meginmarkmið/starfsmarkmið/árangursmælikvarðar

1. Allir nemendur skólans nái árangri í námi sínu:

- a. Nemendum standi til boða þjónusta í námsveri allan daginn frá og með skólaárinu 2013-14.
- b. Verklag árangursmældrar kennslu verði tekið upp í byrjunarföngum í íslensku og stærðfræði á haustönn 2013. Aðrar greinar fylgi á eftir.
- c. Þróaðar verða leiðir til að greina námsstöðu nemenda og nota þær upplýsingar til að mæta námsþörfum þeirra, m.a. við röðun í námshópa og val á námsmarkmiðum. Unnið verði eftir þessu verklagi frá hausti 2015.

Árangursmælikvarði: Fjöldi sem nær prófi í byrjunarföngum í ÍSL og STÆ (%).

2. Styrkja stöðu verknáms í skólanum:

- a. Efla markaðssetningu, m.a. með gerð kynningarmyndbanda, til að fylga þeim sem velja verknám, bæði í dag- og kvöldskóla.
- b. Fjölgatækifærum nemenda á verknámsbrautum til að taka hluta af námi eða starfsþjálfun erlendis, t.d. með hjálp Leonardostyrkja. Markviss kynning á námi og starfsþjálfun erlendis fari fram meðal nemenda á verknámsbrautum frá skólaárinu 2013-2014.
- c. Efla samstarf myndlistar- og húsasmíðabrautar á grundvelli tillagna sem fyrir liggja. Formlegt samstarf hefjist skólaárið 2013-2014.
- d. Setja á fót Fablab í lifandi tengslum við verk- og listnámsbrautir skólans í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Reykjavíkurborg. Fablabið verði hluti náms haustið 2014.
- e. Hefja kennslu á nýrri tveggja ára tölvubraut sem undirbúin hefur verið í samstarfi við Samtök upplýsingataknifyrtækja, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands. Kennsla hefjist á brautinni haustið 2013.
- f. Þróa framhaldsnám til stúdentsprófs af hinni nýju tölvubraut skólans. Uppbygging framhaldsnáms verði ljóst á samningstímanum.
- g. Koma á fót tveggja ára námsbraut á sviði ferðamála í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar og Menntaskólan í Kópavogi. Brautin verði í boði frá hausti 2014.
- h. Tryggja gæði náms á verknámsbrautum með reglubundnu gæðamatí tengdu við skilgreinda árangursmælikvarða. Gæðamat verði tilbúið á samningstímanum.

Árangursmælikvarði: Fjölgun nemenda í verknámi á tímabilinu/ári (%),

3. Efla lýðræðislega starfshætti í skólanum:

- a. Halda fundi einu sinni á önn með aðild allra nemenda og ræða þar aðkallandi málefni í lífi nemenda, skólasamféluginu eða þjóðféluginu.
- b. Skólaráð verði efti sem samráðsvettvangur nemenda, kennara og stjórnenda skólans. Skólaráð fundi hálfsmánaðarlega á kennslutíma skóla.

Árangursmælikvarði: Nemendum sem finnst hlustað á sjónarmið sín (%).

b. Tímabundin verkefni

Í FB er unnið að eftirtöldum verkefnum með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu:

1. Verkfærakassinn, vinnan og veruleikinn

Þróun námsfanga fyrir nemendur af erlendum uppruna í samstarfi við Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins, Vífilfell, Actavis og Reykjavíkurborg. Skipuleggja á námið, bóklegt og verklegt, og skrifa áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Verklok: 1. september 2013.

2. Endurskoðun og þróun námskrár snyrtifræðibrautar

Endurskoðun á námsföngum brautarinnar og þrepasetning námsins í samræmi við kröfur nýrrar námskrár. Ritun áfanga og brautarlýsinga í námskrárgrunn ráðuneytisins. Verklok: 1. september 2013.